

Erindisbréf fyrir fjölskylduráð Múlaþings

Markmið

1. gr.

Stjórnskipulag Múlaþings byggir á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu, ásamt valddreifingu til heimastjórna í samræmi við samþykkt um stjórn Múlaþings og viðauka um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna og nefnda í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Um hlutverk ráðsins

2. gr.

Fjölskylduráð er eitt þriggja fagráða Múlaþings og annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði fræðslu-, félagsþjónustu-, frístunda- og forvarnamála ásamt því að fara með verkefni á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Fjölskylduráð fer með verkefni skólanefnda, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni tónlistarskóla, sbr. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og verkefni leikskólastjórnar skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Ráðið annast einnig þau störf sem sveitarstjórn felur því á sviði fjölskyldumála og velferðar ásamt því að fara með verkefni barnaverndarnefndar skv. III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 og félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið fer jafnframt með verkefni á sviði íþróttta-, tómstunda-, og forvarnamála skv. æskulýðslögum og íþróttalögum. Nánar er fjallað um störf ráðsins í erindisbréfi þessu.

Fjölskylduráð starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Múlaþings á verkefnasviði ráðsins. Fjölskylduráði er heimilt að veita styrki til verkefna sem samræmast stefnumótun sveitarstjórnar og fjárhagsáætlun.

Frá og með 1. janúar 2023 fer fjölskylduráð ekki lengur með hlutverk barnaverndar heldur barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar skv. Barnaverndarlögum nr. 80/2002.

3. gr.

Hlutverk fjölskylduráðs er:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu á verkefnasviði sínu skv. 1. gr. ásamt því að hafa eftirlit með að stefnu sveitarstjórnar á hverjum tíma sé fylgt,
- að sinna hlutverki barnaverndarnefndar í samræmi við lög um barnavernd,
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna á verkefnasviði ráðsins og fylgjast með að þær veiti góða þjónustu og vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og ákvarðanir sveitarstjórnar,
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal íbúa auk þess að fjalla um ábendingar og athugasemdir sem berast vegna þjónustunnar,

- að fara yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að rekstri og framkvæmdum kemur,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um reglur, gjaldskrár, leigu og afnot af mannvirkjum er heyra undir starfsemi ráðsins,
- að vera sveitarstjórn til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja á verkefnasviði ráðsins,
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis varðandi fjölskyldumál.

4. gr.

Helstu verkefni fjölskylduráðs eru:

- barnavernd samkvæmt barnaverndarlögum,
- málefni tengd félagslegri ráðgjöf skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga,
- málefni tengd fjárhagsaðstoð skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga,
- málefni aldraðra, þ.á.m. félagsleg heimþjónusta, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra,
- málefni barna og ungmenna skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um vernd barna og ungmenna, barnalögum, lögræðislögum, ættleiðingarlögum og æskulýðslögum,
- málefni fatlaðs fólks skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir,
- að veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum, hafa heildaryfirsýn yfir dagvistun fyrir börn í sveitarfélaginu og sjá til þess að íbúar geti fengið aðgengilegar upplýsingar um þau mál,
- húsnæðismál skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar á meðal umsjón með leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins,
- málefni áfengissjúkra og vímuefnavarnir, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og áfengislög,
- málefni atvinnulausra, þ.á.m. málefni tengd atvinnuleysisráningu og vinnumiðlun, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um vinnumiðlun,
- málefni tengd félagslegri heimþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga,
- verkefni sem skólanefnd eru falin samkvæmt 6.gr. laga um grunnskóla,
- verkefni sem leikskólanefnd eru falin samkvæmt lögum um leikskóla,
- málefni tónlistarskóla sveitarfélagsins, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla,
- stuðla að öflugum íþrótt-, tómstunda-, og forvarnarstarfi og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði, m.a. með gerð sérstakra samstarfssamninga þar sem við á,
- að auka þátttöku allra barna og unglunga í félags- og tómstundastarfi og hafa eftirlit með starfsemi íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélagsins og starfsemi félagsmiðstöðva barna og ungmenna,
- að vinna með öðrum opinberum aðilum og stofnunum, s.s. félagasamtökum og einstaklingum, að því að efla aðstæður fjölskyldna í sveitarfélaginu,
- að stuðla að þjálfun og menntun starfslíðs m.a. með námskeiðum og annarri fræðslu í samstarfi við stjórnendur,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.

Ráðningar stjórnenda

5. gr.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins og ræður stjórnendur fjölskyldusviðs í samráði við fjölskylduráð, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga og 51. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings og innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Stjórnendur fjölskyldusviðs eru félagsmálastjóri, fræðslustjóri og íþrótt- og æskulýðsstjóri.

Sveitarstjóri kynnir fyrir fjölskylduráði að til standi að auglýsa starf stjórnanda og leggur fram drög að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hvers eðlis starfið er, lágmarks hæfis- og hæfniskröfur og hvaða megin sjónarmiðum verði fylgt við valið. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera 2 vikur en sveitarstjóra er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en honum lýkur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Þegar umsóknarfresti lýkur kynnir sveitarstjóri fjölda umsækjenda og hverjir verða boðaðir í viðtöl. Að viðtölum loknum kynnir sveitarstjóri hæfustu umsækjendurna og hver var ráðinn í starfið.

Fjölskylduráð er sveitarstjóra til samráðs í ráðningarferlinu en ákvörðunarvaldið er í höndum sveitarstjóra.

Hafi sveitarstjóri í hyggju að segja upp stjórnanda á fjölskyldusviði, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir fjölskylduráði, ásamt rökstuðningi, áður en sú ákvörðun er tekin.

Um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna sveitarfélags fer eftir kjara- og ráðningarsamningum, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga og 55. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings. Um ráðningar stjórnenda Múlaþings fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum og meginreglum stjórnsýsluréttar um undirbúning ráðningar og mat á hæfni umsækjenda.

Ráðningar annarra starfsmanna

6. gr.

Stjórnendur fjölskyldusviðs ráða stjórnendur stofnana og aðra starfsmenn sviðsins í samráði við sveitarstjóra, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga og II. viðauka við samþykkt um stjórn Múlaþings og innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Stjórnendur fjölskyldusviðs kynna fyrir sveitarstjóra að til standi að auglýsa starf og leggja fram drög að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hvers eðlis starfið er, lágmarks hæfis- og hæfniskröfur og hvaða megin sjónarmiðum verði fylgt við valið. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera 2 vikur en stjórnanda er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en honum lýkur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Þegar umsóknarfresti lýkur kynnir stjórnandi fjölda umsækjenda og hverjir verða boðaðir í viðtöl. Að viðtölum loknum kynnir stjórnandi hæfustu umsækjendurna og hver var ráðinn í starfið.

Hafi stjórnandi fjölskyldusviðs í hyggju að segja upp starfsmanni sveitarfélagsins, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir sveitarstjóra, ásamt rökstuðningi, áður en sú ákvörðun er tekin.

Stjórnendur stofnanna ráða aðra starfsmenn í samráði við sinn næsta yfirmann, sbr. II. viðauki samþykktar um stjórn Múlaþings og innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Við ráðningu í tímabundin störf, svo sem til skemmri tíma en sex mánaða, vegna fæðingarorlofs og veikindaforfalla, er heimilt að víkja frá kröfu um auglýsingu starfs.

Um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna sveitarfélags fer eftir kjara- og ráðningarsamningum, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga og 55. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings. Um ráðningar starfsmanna Múlaþings fer að öðru leyti eftir stjórnarsýslulögum og meginreglum stjórnarsýsluréttar um undirbúning ráðningar og mat á hæfni umsækjenda.

Um skipan ráðsins og málsmeðferð

7. gr.

Fjölskylduráð er skipað sjö aðalmönnum og jafnmörgum til vara, kosnum af sveitarstjórn. Framboðslisti sem á fulltrúa í sveitarstjórn en ekki í fjölskylduráði má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi skal víkja af fundi þegar barnaverndarmál eru til umræðu og afgreiðslu, sbr. 2. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann ráðsins. Kjörtímabil þess er það sama og sveitarstjórnar. Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við félagsmálastjóra, fræðslustjóra og íþrótt- og æskulýðsstjóra. Ritari fjölskyldusviðs sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti fulltrúi í ráðinu ekki sótt fund skal hann tilkynna það formanni ráðsins og boða varamann sinn.

8. gr.

Málsmeðferð ráðsins skal vera í samræmi við ákvæði *sveitarstjórnarlaga, stjórnarsýslulaga, samþykktar um stjórn Múlaþings, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Múlaþingi* og góða stjórnarsýsluvenju.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn Múlaþings og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021*.

Fundir fjölskylduráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í fjölskylduráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við *reglur um framkvæmd fjarfunda sveitarstjórnar, ráða og heimastjórna Múlaþings*.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skulu tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu haldnir að jafnaði þrisvar sinum í mánuði í samræmi við fundadagatal Múlaþings, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt.

Um fullnaðarafgreiðslu og fjárheimildir

9. gr.

Fjölskylduráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins um ákvörðunina. Verði ágreiningur um afgreiðslu mála sem fjölskylduráð hefur fullnaðarafgreiðsluheimild til fer málið til afgreiðslu í sveitarstjórn og ber forseta að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu.

Fjölskylduráði er heimilt að staðfesta samninga viðskipta- og fjárhagslegs eðlis ef þeir rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar ársins, svo og að staðfesta samninga sem snúa að kaupum á föstum þjónustubáttum þó samið sé til lengri tíma.

Byggðaráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins í samræmi við samþykktan fjárhagsramma sveitarstjórnar fyrir næsta fjárhagsár. Fjölskylduráð gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna málaflokka sinna. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki sveitarstjórnar.

Fræðslustjóri, félagsmálastjóri og íþrótt- og æskulýðsstjóri leggja fram í ráðinu tillögur að fjárhagsáætlunum málaflokka ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

10. gr.

Félagsmálastjóri, fræðslustjóri og íþrótt- og æskulýðsstjóri sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Formaður fjölskylduráðs ákveður með hliðsjón af dagskrá fundar hvort allir starfsmenn ráðsins sitji fund. Starfsmenn eru ráðgjafar ráðsins, undirbúa fundi í samstarfi við formann og framkvæma ákvarðanir ráðsins eftir að sveitarstjórn hefur staðfest þær.

Ritari fjölskyldusviðs sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi, nema ráðið ákveði annað.

Um starfsmannamál fer eftir *mannauðsstefnu Múlapings*.

Mál sem starfsmenn afgreiða í umboði fjölskylduráðs skulu kynnt ráðinu með skriflegri skýrslu á næsta fundi þess.

11. gr.

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan ráðsins, þegar málefni þeim tengd eru til umfjöllunar, skal formaður gæta þess að þau ákvæði séu uppfyllt. Seturéttur fulltrúa afmarkast við umfjöllun ráðsins um þau málefni sem fulltrúi er skipaður til að fjalla um. Að umfjöllun lokinni skulu fulltrúar með seturétt víkja af fundi.

Seturétt með með málfrelsi og tillögurétt á fundum fjölskylduráðs hafa eftirtaldir.

Þegar málefni grunnskóla eru til umræðu:

- einn fulltrúi skólastjóra grunnskólanna,
- einn fulltrúi kosinn úr hópi fastra kennara grunnskóla sveitarfélagsins, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008,
- einn fulltrúi foreldra, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Þegar málefni leikskóla eru til umræðu:

- einn fulltrúi leikskólastjóra, sbr. lög um leikskóla nr. 90/2008,
- einn fulltrúi kosinn úr hópi starfsmanna leikskólanna, sbr. lög um leikskóla nr. 90/2008,
- einn fulltrúi tilnefndur af samtökum foreldra barna í leikskólum, sbr. lög um leikskóla nr. 90/2008.

Þegar málefni tónlistarskóla eru til umræðu:

- einn fulltrúi skólustjóra,
- einn fulltrúi kosinn úr hópi fastra kennara.

Fulltrúi í fjölskylduráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum fjölskylduráðs. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

Þóknanir fyrir setu í Fjölskylduráði eru ákvarðaðar í *samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa í Múlaþingi* og fjárhagsáætlun hvers árs. Ekki er greidd þóknun til fulltrúa með seturétt.

Um samstarf við heimastjórnir

12. gr.

Hafi fjölskylduráð til umfjöllunar tillögu um veigamiklar breytingar grunnþjónustu á verkefnasviði sínu sem varðar eitthvert heimastjórnarsvæða sveitarfélagsins, skal leita umsagnar viðkomandi heimastjórnar áður en tillögu er vísað til afgreiðslu.

Gildistaka

13. gr.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 48. gr. *samþykktar um stjórn Múlaþings nr. 691/2022*.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Múlaþings þann 29. júní 2022